

Fyrsta bílferð yfir Sprengisand í ágúst 1933

Byggt á dagbók Jóns J. Víðis



Texti: Benedikt Jóhannesson

Valdimar, Jón, Einar og Sigurður.

Leiðin yfir Sprengisand úr Bárðardal er nú farin á einum fimm, sex tímum á jeppum og þykir ekki tiltökumál. Sumir tala jafnvel um að malbika veginn og brúa þær ár sem enn eru óbrúaðar. Þegar leiðin var aðeins farin á hestum var þetta miklu meira fyrirtæki og því skiljanlegt að menn hefðu fljótt áhuga á að nýta bíla á þessari frægu leið. Einn þessara eldhuga var Jón J. Víðis landmælingamaður, sem var í þjónustu Vegagerðarinnar í meira en hálfa öld, en á árunum í kringum 1930 var hann farinn að huga að bílferðum um óbyggðir. Hann ræddi það við félagi sína að gaman væri að reyna að fara í bíl yfir Sprengisand, en þeir töldu það í fyrstu fjarstæðu. En það varð þó til þess að þeir fóru í alvöru að hugleiða málið.

Jón og félagi hans Einar Magnússon, menntaskólakennari og síðar rektor Menntaskólans í Reykjavík, fóru að huga að leiðarlýsingum og ræddu við staðkunnuga. Ekkert landabréf

var um þessar mundir til af hálandinu, nema kort Björns Gunnlaugssonar og kort Þorvalds Thoroddsens, sem hvorugt var mjög nákvæmt. Jón dró upp leiðina milli byggða, eftir korti Þorvalds og færði þar inn á upplýsingar frá bónda sem hafði gefið honum greinargóðar upplýsingar. Þar kom að þeir fóru að trúa því að leiðin norður Sprengisand væri fær og voru nú ákveðnir í því að freista að komast þessa leið í bíl.

En það var ekki fyrr en í ágúst 1933 að förin var farin. Til hennar völdust auk Jóns og Einars Valdimar Sveinbjörnsson, leikfímikennari við Menntaskólann, og Sigurður bílstjóri frá Laug var til í Sprengisandsævintýrið. Gamall Fordbíll sem þeir höfðu áður notað til fjallaferða var dubbaður upp fyrir ferðina. Þeir lögðu af stað vopnaðir kortinu fyrrnefnda, próförk af landmælingakortum sem þá voru að koma út og kompás. Jón hélt dagbók og tók myndir í ferðinni og ferðasagan hér er byggð



á dagbókinni og víðast notað orðalag Jóns. Jakob Hálfðanarson, minjavörður Vegagerðarinnar, var mjög hjálplegur við að útvega efnið og myndir og er honum þökkuð veitt aðstoð.

Af stað

Þeir félagar lögðu af stað úr Reykjavík 14. ágúst 1933. Fordbillinn var óyfirbyggður, 4 manna bíll, frá 1927. Engin sæti voru aftur í, en þar var raðað matvælakössum, tjaldi, svefnpokum og ýmsum öðrum útbúnaði og loks var þar stór sívalur bensíntankur, úr öðrum bíl. Yfir farangurinn var breitt segl. Utan á bílinn var raðað bensínbrúsum og þar voru líka tjaldsúlur.

Einar og Valdimar sátu aftur í bílnum og ofan á farangrinum, en Jón sat fram í. Það var hellirigning þegar þeir óku upp Laugaveginn og út úr bænum. Þeir voru í regnkápum, með sjóhatta, en höfðu

að auki yfir sér heljarmikla regnhlíf, sem enn er til. Þó hentaði illa að hafa hana uppi ef bíllinn var á ferð. Mörgum árrisulur borgarbúa varð starsýnt á þennan leiðangur.

Á Selfossi fengu þeir ýmsar nauðsynjar til ferðarinnar, kaðla, planku, járnkarl, skóflur og í mjólkurbúinu tóku þeir mjólk, rjóma og skyr til ferðarinnar.

Það rigndi mikið þetta sumar og vegir voru því víða illa farnir. Í Múla hittu þeir Guðmund bónda Árnason og spurðu hann hvaða álit hann hefði á þessu uppátæki. „Þið komist norður af,“ sagði Guðmundur, „en blessaðir sendið mér skeyti þegar þið komið að Mýri.“ Þar fengu þeir 210 lítra af bensíni en höfðu auk þess 15 lítra.

Frá Rjúpnavöllum óku þeir glerharða greiðfæra slétta vikursanda, sem nefnast Árskógar, upp undir Sölvahraun. Þar skiptust leiðir: Fjallabaksvegur í austur og Sprengisandsvegur í vesturjaðri Sölvahrauns. Hér brá til tíðinda. Sigurður var einn í bílnum en hinir gengu. Skyndilega sjá göngumenn rjúka úr bílnum, Sigurður stansar og kastar öllu lauslegu af bílnum og þegar hinir komu lafmóðir til hans hafði honum tekist að kæfa eldinn. Það tók nokkurn tíma að koma öllu í lag, m.a. urðu þeir að færa rafgeyminn. Klukkan níu um kvöldið komu þeir að Tungnaá við ferjustaðinni í Haldinu, en þangað voru 158 km frá Reykjavík. Þeir ákveða að ferja nokkuð af farangrinum yfir, en skildu bílinn eftir.

Hvernig flutt skal yfir á?

Daginn eftir var bjart veður, logn og heitt af sólu. Eftir morgunhressingu reru þeir til baka yfir ána og fóru að glíma við að koma bílnum norður yfir. Á ferjustaðnum í Haldinu eru þverhniptir hamrar að ánni að sunnanverðu, en að norðan eru lágar flatar klappir. Niður að ánni að sunnan er kleif milli klettanna, allbrótt, stutt brekka. Niðri við ána vikkar kleifin. Þar voru geymdir þrjár ferjubátar. Þeir félagar bundu kaðal aftan í bílinn og létu hann svo síga niður að ánni. Svo var stærsti báturinn tekinn til þess að ferja bílinn. Báturinn var ekki breiðari en svo að setja þurfti planku undir hægra afturhjólið. Ferðin yfir ána gekk vel.

En þó bíllinn væri kominn yfir ána var þrautin ekki unnin þennan dag. Undir kvöldið sökk bíllinn í aurbleytu í dæld. Þeir báru þá allt af bílnum og lyftu honum upp með trjám. Þennan fyrsta dag fóru þeir nálægt 18 km og leiðin greiðfær að öðru leyti en að framan er rakið.

Næsta dag var talsverð yfirferð, víðáttumikið landflæmi, lágar ávalar melbungur, en á milli þeirra ýmist mýraflákar eða blautar leirur, en um landið kvíslast ótal ár og lækir. Þeir forðast mýrarnar og árnar sem mest og alltaf rættist úr fyrir þeim. Um kvöldið hafði þykknad í lofti. Þennan dag höfðu þeir komist um 50 km.

Fimmtudaginn 17. ágúst tóku þeir daginn snemma. Sólin kom upp klukkan fjögur, það var logn og fjöllin lauguð sól, hvergi skýhnoðra að sjá. Um sexleytið lögðu þeir af stað úr tjaldstað. Ferðin sóttist vel til að byrja með, en ekki höfðu þeir ekið lengi þegar við tóku sandbleytur þar sem þeir þurftu að draga bílinn og ýta yfir leirur. Allt gekk það vel og þeir héldu réttir

stefnu. Við tók urðardrag og þá þurftu þeir að ryðja burtu grjóti.

Öræfin eru að miklu leyti melar og svartir sandar en árnar eru helstu farartálmur. Ekki bætti það úr skák fyrir ferðalöngunum að þeir þekktu ekki árnar eða vöðin vel. Fjórðungakvísl er eitt þessara fallvatna. Brattir melar liggja að henni þar sem þá bar að, en nokkrum spöl neðar hverfur áin í gljúfur milli hárra þursabergshamra. Þeir ruddu leiðina niður að farveginum og leituðu þar til þeir komust yfir á góðu vaði.

Fararskjóttinn þurfti sína umhirðu. Auk þess að fylla hann bensíni þurfti hann nú að fá nýtt „lovband“ sem Jón kallar svo, sem var bremsuband sem hélt bílnum í lága gírnum (low). Gott var að geta unnið að þessu í skjóli við stóru regnhlífina, í napurri norðangolu en í Tungnafellsjökli sáu þeir að komin var blindhríð.

Þeir höfðu valið leiðina jafnóðum og þeir óku áfram, reynt að þræða hæstu hryggi, svo sem unnt var, en valið aðalstefnuna eftir fjarlægum kennileitum. Skyndilega óku þeir inn á varðaðan Sprengisandsveginn, breiðan greiðfæran ruddan veg á vesturbakka Fjórðungsvatns. Það vakti þægilega öryggiskennnd að vera nú loks á vegi.

Um kvöldið tjölduðu þeir norðan við vatnið, en þá var þungt í lofti. Brátt fór að rigna og áður en varði var komið norðan hríðarveður. Það var gott að halla sér eftir um 55 km áfanga sem var að baki. En ekki voru þeir áhyggjulausir. Það voru a.m.k. 70 km til byggða norðanlands og allra veðra von. Enda kom það á daginn að veðrið hélt fyrir þeim vöku og sífellt snjóaði. Skyldu þeir þurfa að skilja bílinn eftir og ganga til byggða? Nú var vissulega gott að vera kominn á varðaðan veg

Vaknað í skafli

Þegar þeir vöknudu daginn eftir var hálfrokkur í tjaldinu. Úti var ökklasnjór og enn snjóaði. Þeir drifu sig á fætur, hristu það mesta af snjónum af bíl og farangri og nú biðu þeir þess með óþreyju hvort bíllinn færi í gang. Hann var tregur. Loks er Sigurði hugkvæmdist það snjallræði að „snapsa“ bílinn, eins og hann kallaði það, og upp af honum stigu snögglega eldtungur, þá komst vélin í gang öllum til mikils léttis.



Bensínbirgðir grafnar upp við Tungnaá.

Hinir gengu á undan bílnum, þræddu vörðurnar, en það var hálfblint, og ekki sást á milli þeirra í hríðinni. Landið var líka fremur ógreiðfært og grýtt. Snjórinn olli bílnum litlum vandræðum, þótt sums staðar hafi dregið í skafla, sökum þess hve laus hann var.

Rétt norðan við Tjarnardrag var efsti punktur ferðarinnar, í 826 m hæð yfir sjávarmáli. Nú gátu þeir aftur ekið eftir korti, ljósprentaða kortinu af nyrðri hluta leiðarinnar. Leiðin er grýtt og ógreiðfær og í hádeginu koma þeir að Kiðagilsá, sem rennur í stórgrýttu dragi, 20 m breið og 40-50 sm djúp. Þeir fóru yfir ána ofan við vaðið og tók það þá fullan hálf tíma. Nú var hætt að snjóa og tók snjó ört upp því regnið streymdi niður úr loftinu. Í Kiðagili dvöldust þeir um þrjá tíma, fengu sér að borða og kaffi á eftir.

Rigningunni slotaði, en komin var svo dimm þoka að þeir fundu ekki varðaða veginn, en óku eftir áttavita um hríð. Brátt byrjaði að rigna á ný og þegar rigningin magnaðist tjölduðu þeir klukkan hálf átta í skjóli við bílinn í fátæklegu mosadragi um 3 km norðan við Fossgilsmosa. Þeim fannst ónotalegt að setjast þarna að, blautir úr opnum bílnum. Þennan dag hafði þeim miðað hægt, ekki meira en 30 km.

Laugardaginn 19. ágúst vöknudu þeir kl. 6:00. Tjaldið var rennvott og ýmislegt hafði blotnað. Bíllinn reyndist tregur í gang, og enn varð Sigurður að „snapsa“ hann.

Veður var þurrt en sólarlítið. Leiðin lá eftir greiðfærum götum niður Mjóadal sem er þröngur, en upp hlíðarnar teygja sig lyngi vaxnir gróðurgeirar, sem voru mikil viðbrigði frá flatneskju og gróðurleysi öræfanna. Nú fannst þeim að þeir væru að koma til byggða, enda var búið í Mjóadal, þó að bærinn væri nú kominn í eyði. Það héldu bílstjóranum engin bönd og þeir bruna áfram eftir greiðfærum hlemmigötum. Þessum fjörspretti „gamla Fords“ létti ekki fyrr en langt niðri í dal, en þá komst hann ekki lengra, framundan var gróið land, djúpar hestagötur og kargabýfi. Í fyrsta sinn í allri ferðinni urðu þeir að snúa við. Af þessu varð allmikil töf því ekki óku þeir alla leiðina til baka upp dalinn, heldur klöngrudust upp austurbrekkuna og lentu þar í ótal lækjaskorningum, moldarborðum og urðarskriðum.

Loks komust þeir upp á hálsinn milli Mjóadals og Íshólsdals og óku suður undir Ytri-Mosa, fyrir drög Íshólsdals og austur á



Á Tungnaá, bíllinn er stærri en báturinn.



Valdimar, Jón og Sigurður í nánd við Hágöngur.

fjallsbrún. Þeim finnst uppblástur hafa herjað á landið. Þeir óku nú út fjallsbrúnina, því næst niður í Íshólsdal, um greiðfæra mela niður að Íshólsdalsá, en urðu að flóra með hellum til að komast yfir hana.

Seinnipartinn bilaði bíllinn og Sigurður fór að bjástra við bílinn, í skjóli við regnhlífinu og það tók svo langan tíma að hinir urðu áhyggjufullir. Enn einu sinni var „lovbandið“ brunnið og varð að skipta um, en sem betur fór hafði Sigurður tekið nokkur með.

Þeir komust þó af stað og um níuleytið tjalda þeir í rökkurbyrjun á bökkum Íshólsvatns, nokkru austan við rústir eyðibýlisins Íshóls. Þennan dag höfðu þeir ekið um 50 km en vegna villunnar ekki þokað nema 25 km áfram.

Ferðalok

Sunnudaginn 20. ágúst fóru þeir af stað um hálf áttaleytið. Ferðin gekk stíðlega á graslendinu við vatnið, en fljótlega komust þeir aftur á Sprengisandsveg og sáu þá fyrsta byggða ból í Bárðardal, Víðiker, austan Skjálfafljóts. Hér voru vegir greiðfærir á hálsinum, en brekkurnar niður með Hádegisfelli voru stórgryttar og brattar og var þar mjög seinlegt og örðugt að komast niður. Þegar þeir áttu skammt ófarið að Mýri stoppuðu þeir, þvoðu bílinn og sjálfa sig eftir bestu getu og fóru í sínar skástu flikur. Þeir settust svo eins og fínir menn í bílinn og óku áleiðis til bæjarins. Þegar þeir komu í auglýs frá Mýri snaraðist maður á hestbak og reið til móts við þá, niður að ánni. Hann kvað vera búist við þeim að Mýri og bauð þeim þangað heim. Enn þurfti að skipta um brunnið „lovband“, en á endanum komust þeir að Mýri.

Þar var þeim tekið tveim höndum af Jóni bónda Karlssyni og Aðalbjörgu Jónsdóttur konu hans og leiddir að uppþúnu kaffiborði, með heimafólki og nokkrum kirkjugestum frá Lundarbrekku, er komnir voru til að sjá fyrsta farartækið er kom

sunnan Sprengisand og farþega þess. Jón kvaðst hafa vitað um ferð þeirra, en menn voru farnir að óttast að norðangarðurinn hefði tafið för þeirra.

Lauk þar hinni eiginlegu Sprengisandsför, en þeir félagar óku svo áfram og komust til Reykjavíkur á fjórum dögum eftir venjulegri leið gegnum Fosshól, Akureyri, Möðruvelli, Blönduós og Húsafell, svo að getið sé þeirra staða sem Jón tilgreinir. Að Fosshóli taldi Jón að frá Múla á Landi væru um 285 km og á leiðinni höfðu þeir eytt um 210 lítrum af bensíni eða um 75 lítrum á hundraðið sem þætti mikið nú á dögum. Jón getur þess þó að þeir hafi ekið miklu lengri leið með öllum krókum. Þessi ferð var mikið afrek og það liðu fimmtán ár áður en næsti hópur lagði yfir Sprengisand á bíl.

Þessarar ferðar er minnst með myndasýningu á Hálandismiðstöðinni Hrauneyjum, á Stóruvöllum í Bárðardal, á sumarhótelinu Kiðagili og á Samgöngusafninu í Skógum, en þar getur m.a. að líta bíl eins og þann sem ferðalangarnir notuðu. **slg**



Kuldalegur morgunn.